Yfirferð yfir starfsemi sjóðsins

Arnaldur Loftsson
Framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins

Helstu niðurstöður ársins 2024

Hrein eign

532,8

milljarðar króna

Sjóðurinn stækkaði

17,2%

á árinu

Nafnávöxtun fjárfestingarleiða



Hrein eign séreignadeildar

354,3

milljarðar króna

Hrein eign tryggingadeildar

178,5

milljarðar króna

Heildariðgjöld hækkuðu

14,5%

á árinu

Fjöldi virkra sjóðfélaga var

27.726

á árinu

Lífeyrisgreiðslur hækkuðu

16,9%

á árinu

Fjöldi lífeyrisþega var

7.341

á árinu

Þróun á stærð í milljörðum króna



Tryggingafræðileg staða

-1,1%

heildareignir umfram heildarskuldbindingar

Sjóðfélagar

72.640

í lok árs

Fjölgaði um

2.763

á árinu

Kostnaðarhlutfall

0,21%

af meðalstöðu hreinnar eignar

15 IPE verðlaun Frjálsa frá árinu 2005

Frjálsi var valinn besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með færri en eina milljón íbúa af fagtímaritinu Investment Pension Europe.

Frjálsi fékk einnig tilnefningu í þemaflokknum Tækni og í tegundaflokki lífeyrissjóða (Multi Employer)

Frjálsi á samfélagsmiðlum

Nýjustu upplýsingar á helstu miðlum

Vefsíða Frjálsa



LinkedIn



Facebook

Instagram

Einstök yfirsýn og stjórn í Arion appinu







Frjálsi hluti af Arion fríðindum

- Viðbótalífeyrissparnaður Frjálsa er nú á meðal þjónustuþátta í fríðindakerfinu; sjóðfélagar Frjálsa, sem einnig eru viðskiptavinir Arion, geta því notið enn meiri fríðinda en áður hjá bankanum.
- Virkja þarf fríðindakerfið á auðveldan hátt í Arion appinu og fríðindin eru mismunandi eftir því á hvaða stigi í fríðindakerfinu sjóðfélaginn er.
- Þjónustan er talin virk ef a.m.k. ein innborgun vegna viðbótarlífeyrissparnaðar hefur borist í Frjálsa á síðustu 4 mánuðum.
- Flutningur viðbótarlífeyrissparnaðar frá öðrum vörsluaðilum til Frjálsa gæti aukið Arion fríðindi.
- Íbúðalán og séreign sem kemur úr skyldulífeyrissparnaði teljast ekki með sem þjónustuþættir í fríðindakerfinu.

Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson

Framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins

Breyting á hreinni eign 2024

- Rekstur Frjálsa gekk vel á árinu 2024, góð ávöxtun og metfjöldi greiðandi sjóðfélaga.
- Frjálsi stækkaði um 78,3 milljarða kr. á árinu eða um 17,2%.
- Hreinar fjárfestingartekjur jukust um 21,3 milljarða kr. milli ára.
- Hrein eign fjárfestingarleiða í séreignadeild var samtals 354,3 milljarðar kr.
- Frjálsi 1 er stærsta fjárfestingarleiðin



Hrein eign Skipting á milli fjárfestingarleiða



Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Þróun sl. 5 ár
Helstu tölur

- Metfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu.
- Greiðandi sjóðfélögum fjölgaði um 1.325.
- Sjóðfélögum sem áttu séreign eða réttindi fjölgaði um 2.763.
- Lífeyrisþegum fjölgaði um 631.

Sjóðfélagar
Fjöldi greiðandi



Sjóðfélagar
Heildarfjöldi



Lífeyrisþegar
Fjöldi



Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Þróun sl. 5 ár
Helstu tölur

- Iðgjöld greidd í samtryggingarsjóð námu 12,6 ma.kr. og hækkuðu um 11,5% á milli ára
- Iðgjöld greidd í séreignasjóð námu 23,0 ma.kr og hækkuðu um 16,2% á milli ára.
- Greiddir voru 1,7 milljarðar kr. af viðbótarsparnaði inn á höfuðstól lána og til öflunar íbúðarhúsnæðis.

Þróun
Lágmarksiðgjalda



Þróun
Viðbótariðgjalda



Þróun
Lífeyrisgreiðslna



Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Fjárfestingar-tekjur 2024

- Fjárfestingartekjur að frádregnum kostnaði endurspegla ávöxtun sjóðsins.
- Tekjur af verðbréfaeign, innlánum og ýmsum fjárfestingum á árinu 2024 námu um 55,2 milljörðum króna.

Aukning í tekjum
um 21,4 m.a. á milli ára



Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Beinn kostnaður 2024

- Stærsti hluti kostnaðar sjóðsins er sú umsýsluþóknun sem sjóðurinn greiðir til Arion banka fyrir rekstur sjóðsins, um 752 milljónir kr.
- Umsýsluþóknun er 67,4% af heildarkostnaði sjóðsins.
- Kostnaðarhlutfall sjóðsins, þ.e. hlutfall rekstrarkostnaðar og beinna fjárfestingargjalda af meðalstöðu hreinnar eignar lækkaði og var 0,21%, samanborið 0,22% árið 2023.

Skýring 6.1
Rekstrarkostnaður

624,6 m.kr.



Skýring 5.5
Bein fjárfestingargjöld

414,4 m.kr.



Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Þróun kostnaðar

- Hlutfall beins kostnaðar hefur farið ört lækkandi síðastliðin ár.
- Lækkunina má rekja til stækkunar sjóðsins og hlutfallslegrar lækkunar á umsýsluþóknun til Arion banka.
- Óbeini kostnaðurinn hefur hækkað síðastliðin ár vegna aukinnar fjárfestingar í erlendum sérhæfðum fjárfestingum.
- Hlutfall beins kostnaðar er að meðaltali 0,26%*. Frjálsi er undir meðaltali.
- Hlutfall óbeins kostnaðar er að meðaltali 0,32%*. Frjálsi er undir meðaltali.

Hlutfall beins kostnaðar
0,21%



Hlutfall óbeins fjárfestingarkostnaðar
í 0,29%



Fjárhæðir eru í milljónum króna.
**Heimild: Ársreikningar lífeyrissjóða.*

Tryggingafræðileg athugun 2024

Tryggingafræðileg staða batnaði á milli ára

Samanburður

	2024	%	2023	%
Áfallin staða	-9 milljarða kr.	-4,8%	-15 milljarða kr.	-8,8%
Framtíðarstaða	5 milljarða kr.	2,8%	3 milljarða kr.	1,5%
Heildarstaða	**-4 milljarðar kr.**	**-1,1%**	**-12 milljarðar kr.**	**-3,5%**

Þróun sl.

5 ár



Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Áætluð breyting á hreinni eign 2025

- Áætluð þróun á stærð sjóðsins fyrstu fimm mánuði ársins 2025*.
- Miklar sveiflur á verðbréfamörkuðum en fjárfestingartekjur eru jákvæðar.
- Allar fjárfestingarleiðir stækka frá áramótum.



Hrein eign Skipting á milli fjárfestingarleiða



**Áætlaðar tölur.*
Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Fjárfestingarleiðir

Ávöxtun og eignasamsetning

Hjörleifur Arnar Waagfjörð

Forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta

Róið í mótvindi síðustu ár
góð lending í fyrra

- Árið 2024 var allt í senn, viðburðaríkt og krefjandi. Það einkenndist af háu vaxtastigi, lækkandi verðbólgu og viðsnúningi á hlutabréfamörkuðum síðari hluta ársins.
- Þrátt fyrir mikla óvissu vegna ríkisfjármála, eldsumbrota, kjarasamninga og kosninga hér á landi sem erlendis endaði árið nokkuð vel á verðbréfamörkuðum.
- Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur undanfarin ár aukið vægi og breidd erlendra eigna í markmiði fjárfestingarstefnu. Að sama skapi hefur verið lögð áhersla á að fjárfesta í ólíkum eignaflokkum, atvinnugreinum og landsvæðum til þess að dreifa áhættu og stuðla þannig að hærri langtímaávöxtun.
- Þær fjárfestingarleiðir sem vega þyngst í hlutabréfum skiluðu hæstu ávöxtun á árinu. Nafnávöxtun fjárfestingarleiða var á bilinu 8,9% til 15,3% og raunávöxtun á bilinu 4,0% til 10,0%.

Þróun
Markaða



*M.v. OMXI til 5 ára.
**Breyting á VNV 31.12.2023 - 31.12.2024.
Innlend hlutabréf: Úrvalsvísitalan OMXI15CAP.
Erlend hlutabréf: Heimsvísitala hlutabréfa (MXWO).

Frjálsi áhætta

- Frjálsi áhætta, áhættumesta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 15,3% nafnávöxtun á árinu. Fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 9,0% á ársgrundvelli.
- Erlend hlutabréf skiluðu meira en helmingi af framlagi til ávöxtunar árið 2024 eða um 8%.
- Frjálsi áhætta er ekki hluti af ævilínu en er ætluð þeim sem eru tilbúin að taka áhættu með von um góða ávöxtun til langs tíma og þola skammtímasveiflur í ávöxtun.
- Í Frjálsa áhættu er hlutfall hlutabréfa og hlutabréfatengdra afurða hæst og má því í sögulegu ljósi búast við að langtímaávöxtun verði hærri en í öðrum leiðum en að sama skapi eru meiri líkur á sveiflum í ávöxtun.

Nafnávöxtun 2024
15,3%

Raunávöxtun 2024
10,0%

Eignasamsetning
31.12.2024



Ávöxtun á ársgrundvelli til lengri tíma



Frjálsi 1

- Frjálsi 1, stærsta, elsta og fjölmennasta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 12,9% nafnávöxtun á árinu. Fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 8,7% á ársgrundvelli.
- Erlend hlutabréf skiluðu stærsta framlaginu til ávöxtunar árið 2024, tæp 6%.
- Frjálsi 1 er hluti af ævilínu. Þessi leið hentar fólki á aldrinum 54 ára og yngri sem þola skammtímasveiflur í ávöxtun.
- Hlutfall hlutabréfa í þessari leið er hæst af þeim leiðum sem er hluti af Ævilínu.

Nafnávöxtun 2024
12,9%

Raunávöxtun 2024
7,7%

Eignasamsetning
31.12.2024



Ávöxtun á árisgrundvelli til
lengri tíma



Frjálsi 2

- Frjálsi 2 skilaði 10,8% nafnávöxtun á árinu en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 7,1% á ársgrundvelli.
- Innlend skuldabréf skiluðu hæsta framlagi til ávöxtunar árið 2024, tæp 6%.
- Frjálsi 2 er partur af ævilínu. Þessi leið hentar fólki á aldrinum 55 ára og eldri sem vill heldur minni skammtímasveiflur í ávöxtun en í áhættumeiri leiðum.
- Í Frjálsa 2 er hlutfall skuldabréfa hátt og má því búast við að langtímaávöxtun verði jafnari en í Frjálsa 1.

Nafnávöxtun 2024
10,8%

Raunávöxtun 2024
5,8%

Eignasamsetning
31.12.2024



Ávöxtun á ársgrundvelli til
lengri tíma



Frjálsi 3

- Frjálsi 3 skilaði 8,9% nafnávöxtun á árinu en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 6,0% á ársgrundvelli.
- Frjálsi 3 er hluti af ævilínu. Þessi leið er ætluð lífeyrisþegum og öðrum sem vilja að jafnaði minni sveiflur í ávöxtun.
- Í Frjálsa 3 er stærsti hluti safnsins í ríkistryggðum skuldabréfum og innlánum.

Nafnávöxtun 2024
8,9%

Raunávöxtun 2024
4,0%

Eignasamsetning
31.12.2024



Ávöxtun á árgrundvelli til
lengri tíma



Frjálsi trygginga-deild

- Tryggingadeild sjóðsins skilaði 11,3% nafnávöxtun á árinu.
- Fimm ára nafnávöxtun leiðarinnar er 7,5% á ársgrundvelli.
- Erlend hlutabréf skiluðu hæsta framlagi til ávöxtunar árið 2024, eða um 4,7%.
- Innlend skuldabréf komu þar fast á eftir með 4,4% framlagi.

Nafnávöxtun 2024

11,3%

Raunávöxtun 2024

6,2%

Eignasamsetning

31.12.2024



Ávöxtun á ársgrundvelli til lengri tíma



Innlent skuldabréfasafn

Frjálsi heild

- Um fjórðungur skuldabréfasafns er í ríkisskuldabréfum, um fjórðungur í fyrirtækjabréfum og um einn fimmti í skuldabréfum fjármálafyrirtækja.
- Helstu breytingar á milli ára er færsla innlána í ríkisbréf og fasteignaveðtryggð bréf. Hlutfall fjármála- og fyrirtækjabréfa lækka á móti lítillega á milli ára. Hlutfall sveitarfélagabréfa standa nokkuð í stað.

10 stærstu útgefendur skuldabréfa fyrirtækja – hlutfall af heildareignum	
Orkuveita Reykjavíkur	2,5%
Reitir fasteignafélag hf.	2,1%
Eik fasteignafélag hf.	1,5%
Heimar hf.	1,1%
Landsbréf - BÚS I	1,0%
A/F HEIM slhf.	0,5%
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	0,3%
Ljósleiðarinn ehf.	0,3%
Kaldalón hf.	0,2%
Alma íbúðafélag hf.	0,2%
Samtals af heildareignum	**9,8%**

Skuldabréf bæjar og sveitarfélaga – hlutfall af heildareignum	
Reykjavíkurborg	1,6%
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	1,6%
Félagsbústaðir hf.	0,6%
Garðabær	0,2%
Sveitarfélagið Árborg	0,2%
Kópavogsbær	0,1%
Samtals af heildareignum	**4,2%**

Samsetning innlenda skuldabréfasafnsins



Skuldabréf fjármálafyrirtækja og annarra lánastofnana – hlutfall af heildareignum	
Landsbanki Íslands	3,4%
Arion banki	3,2%
Íslandsbanki	2,9%
Kvika banki	0,1%
Samtals af heildareignum	**9,6%**

Áhrif málefna ÍL-sjóðs

- Þann 23. febrúar 2024 var ákveðið að hefja viðræður um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins af hálfu fulltrúa 18 lífeyrissjóða við íslenska ríkið.
- Viðræðurnar skiluðu tillögum að uppgjöri sem kynnt var opinberlega þann 10. mars sl.
- Tillögurnar voru síðan samþykktar á fundum skuldabréfaeigenda þann 10. apríl sl.
- Niðurstaðan leiðir að því að uppgjörsvirði íbúðabréfanna í eignasafni Frjálsa lífeyrissjóðsins verður um 1.749 m.kr. hærra en kröfuvirði þeirra.

	Uppgjörsvirði skv. tillögu (*)		**Kröfuvirði**			
	HFF150434	HFF150644	HFF150434	HFF150644	*Munur*	*Hlutfall af eignasafni*
Frjálsi áhætta	76	131	80	126	*7*	*0,12%*
Frjálsi 1	2.480	11.662	2.596	11.148	*606*	*0,25%*
Frjálsi 2	900	2.321	943	2.219	*124*	*0,29%*
Frjálsi 3	1.548	1.644	1.621	1.572	*96*	*0,16%*
Tryggingadeild	2.935	17.780	3.074	16.997	*916*	*0,51%*
Samtals	**7.938**	**33.539**	**7.867**	**31.860**	***1.749***	***0,33%***
Hlutfall af eignasafni	**1,5%**	**6,3%**	**1,5%**	**6,0%**	***0,3%***	

* Allar fjárhæðir eru miðaðar við uppgjör skv. tillögu 7. mars 2025.

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Innlent hlutabréfasafn

Frjálsi heild

- Stærstu eignir í skráða innlenda safninu eru JBT Marel, Arion banki, Alvotech og Sjóvá.
- Stærstu eignir í óskráða innlenda safninu eru eign í HS Veitum, HS Orku og Bláa lóninu.
- Nýir framtakssjóðir á árinu voru VEX II, Frumtak IV og SRE III (Ívera).

10 stærstu skráðu innlendu hlutabréfin* - hlutfall af heildareignum	
JBT Marel Corp.	1,9%
Arion banki hf.	1,8%
Alvotech SA	1,0%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	0,9%
Íslandsbanki hf.	0,7%
Festi hf.	0,6%
Skel fjárfestingafélag hf.	0,6%
Skagi hf.	0,6%
Reitir fasteignafélag hf.	0,5%
Kvika banki hf.	0,5%
Samtals af heildareignum	**9,0%**

10 stærstu óskráðu innlendu hlutabréfin – hlutfall af heildareignum	
HSV eignarhaldsfélag slhf. (HS Veitur)	0,6%
Jarðvarmi slhf. (HS Orka)	0,6%
Blávarmi slhf. (Bláa lónið)	0,6%
Horn IV slhf. (Framtakssjóður)	0,3%
VEX I slhf. (Framtakssjóður)	0,2%
TFII slhf. (Framtakssjóður)	0,2%
SÍA IV slhf. (Framtakssjóður)	0,2%
CP Invest slhf. (Coripharma)	0,2%
Innviðir fjárfestingar slhf. (Innviðasjóður)	0,2%
SRE III slhf. (Framtakssjóður)	0,2%
Samtals af heildareignum	**3,3%**

**Upplýsingar miða við beina og óbeina eign sjóðsins í skráðum innlendum félögum. Eignasamsetning getur verið önnur en í ársreikningi sjóðsins.*

Erlend hluta- og skuldabréf

Frjálsi heild

- Stærstu eignir í erlendum hlutabréfum eru í heimsvísitölusjóðum Vanguard og State Street, samtals um 14% af heildarsafni.
- Fjárfesting í erlendum hlutabréfasjóðum var aukin á árinu og hækkaði hlutfallið nokkuð milli ára. Hlutfall erlendra skuldabréfa lækkaði lítillega á móti.

10 stærstu erlendu hlutabréfasjóðirnir – hlutfall af heildareignum	
Vanguard - Global Stock Index Fund	6,7%
SSgA World Index Fund EUR	5,0%
Capital Group New Perspective Fund	3,3%
SSgA World Index Fund USD	2,6%
Katla Fund Global Value	2,0%
Wellington Global Research Equity	1,9%
JPMorgan Global Focus Fund I	1,3%
Seilern World Growth	1,3%
SEL 1 27 12 (höfuðstólstryggt skuldabréf)	0,6%
iShares Core MSCI World	0,6%
Samtals af heildareignum	**25,2%**

10 stærstu erlendu skuldabréfasjóðirnir, sjóðir og innlán – hlutfall af heildareignum	
Bandarísk ríkisskuldabréf	1,4%
Pimco Global Bond Fund	0,8%
Pimco GIS Income Fund	0,6%
Pimco Gis Euro Credit	0,6%
JPMorgan Liq Funds - EUR Liquidity Fund	0,6%
Arion banki hf. – gjaldeyrisinnlán	0,6%
JPMorgan Funds - Global Bond Opportunities Fund	0,5%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	0,3%
DNB Fund High Yield	0,3%
JPMorgan Liquidity Funds – USD Liquidity Fund	0,0%
Samtals af heildareignum	**5,6%**

Innlendar sérhæfðar fjárfestingar

- Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur markvisst aukið vægi innlendra sérhæfðra fjárfestinga frá 2008.
- Súlurnar sýna hagnað eða tap í milljónum króna af einstakri fjárfestingu. Heildarhagnaður er um 14 milljarða króna.
- **Dökku súlurnar** merkja þær fjárfestingar sem hafa lokið sínum líftíma.



Frétt

Innlendar sérhæfðar fjárfestingar

28. MAÍ 2025

Í nýjustu fræðslugrein á vef Frjálsa, fara Egill Tryggvason sjóðstjóri og Ásdís Karen Friðbjörnsdóttir sérfræðingur í eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka, yfir innlendar sérhæfðar fjárfestingar sjóðsins.

Sérhæfðar fjárfestingar eru fjárfestingar sem falla ekki undir hefðbundna fjárfestingarkosti eins og skráð hlutabréf og skuldabréf. Þessar fjárfestingar eru oft í formi fjárfestinga í gegnum óskráða sjóði, sem hafa takmarkaðan seljanleika til skemmri tíma og fela í sér langtímabindingu.

Mikilvægt er að dreifa áhættu í eignasafni lífeyrissjóðs með samvali ólíkra eignaflokka. Eftir efnahags-hrunið árið 2008 jókst áhugi sjóðsins á slíkum sérhæfðum fjárfestingum innanlands og frá þeim tíma hefur sérþekking á þessu sviði vaxið hér á landi og fyrirtækjaumhverfið orðið móttækilegra fyrir slíkum fjárfestum.

Innlendar sérhæfðar fjárfestingar

Egill Tryggvason

Ásdís Karen Friðbjörnsdóttir

Byggt á gögnum frá 31.12.2024 eða nýjustu upplýsingum frá forsvarsmönnum viðkomandi fjárfestinga og með fyrirvara um skekkjur í útreikningum.
Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Erlendar sérhæfðar fjárfestingar

- Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur markvisst aukið vægi erlendra eigna í eignasafni sínu eftir að gjaldeyrishöft voru afnumin árið 2017.
- Í fjárfestingarstefnu sjóðsins árið 2020 var tekin ákvörðun um að byggja upp safn erlendra sérhæfðra fjárfestinga.
- Slíkar fjárfestingar eru oft í formi fjárfestinga í óskráðum sjóðum, sem hafa takmarkaðan seljanleika til skemmri tíma og fela í sér langtímabindingu.
- Sjóðurinn hefur undanfarin fimm ár skuldbundið sig til þátttöku í mörgum erlendum sérhæfðum fjárfestingum.

Samsetning eignasafns



Hlutfall erlendra sérhæfðra fjárfestinga hjá Frjálsa 1



Frétt

Erlendar sérhæfðar fjárfestingar

12. MARS 2025

Í nýjustu fræðslugrein á vef Frjálsa, fara Ásgeir Bragason og Halldór Grétarsson, sjóðstjórar í eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka, yfir erlendar sérhæfðar fjárfestingar sjóðsins.

Sérhæfðar fjárfestingar eru fjárfestingar sem falla ekki undir hefðbundna fjárfestingarkosti eins og skráð hlutabréf og skuldabréf. Þessar fjárfestingar eru oft í formi fjárfestinga í gegnum óskráða sjóði, sem hafa takmarkaðan seljanleika til skemmri tíma og fela í sér langtímabindingu.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur markvisst aukið vægi erlendra eigna í eignasafni sínu eftir að gjaldeyrishöft voru afnumin árið 2017. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins árið 2020 var tekin ákvörðun um að byggja upp safn erlendra sérhæfðra fjárfestinga. Frá þeim tíma hefur sjóðurinn skuldbundið sig til þátttöku í mörgum erlendum sérhæfðum fjárfestingum.

Fimm árum eftir að tekin var ákvörðun um að hefja uppbyggingu erlendra sérhæfðra fjárfestinga, er sjóðurinn að mestu búinn að uppfylla núverandi markmið fjárfestingarstefnunnar. Hraður vöxtur í uppbyggingu eignaflokksins mun vikja fyrir viðhaldi á komandi árum.

Erlendar sérhæfðar fjárfestingar

Ásgeir Bragason

Halldór Grétarsson

Í gegnum óvissu að nýjum takti

- Miklar sveiflur hafa átt sér stað sér í lagi á hlutabréfamörkuðum sökum aðgerða og yfirlýsinga Bandaríkjanna í kjölfar forsetaskipta.
- Þrátt fyrir að helstu ríki heimsins séu í vaxtalækkunarferli hefur hægt á þeirri þróun sökum þeirra óvissu sem til staðar er vegna sveifluhvetjandi atburða.
- Árið 2025 byrjaði nokkuð vel. Sökum aðstæðna kom til töluverðra niðursveiflna á helstu alþjóðamörkuðum. Síðustu vikur hefur niðursveiflan verið að ganga mikið tilbaka.
- Viðbúið er að áfram geti verið þó nokkrar sveiflur framundan þar til fastara land er komið undir fætur varðandi stöðuna fram á við í alþjóðamálum.

Þróun markaða
til 27. maí 2025



Ávöxtun
Fjárfestingarleiða



*M.v. OMXI til 5 ára.
**Breyting á VNV 31.12.2024-27.05.2025.
Innlend hlutabréf: Úrvalsvísitalan OMXI15CAP.
Erlend hlutabréf: Heimsvísitala hlutabréfa (MXWO).